






Sverrir Kristinsson og Hrafnhildur Schram við eitt verkið á sýningunni; málverk eftir Ísleif Konráðsson. Þessi mynd mun þróa frímerki sem Póst- og símamálastofnunin gefur út í haust í tilefni árs aldraðra.



Trúlega eitt þekktasta verkið á sýningunni; Vorleikur eftir Stefán Jónsson frá Möðrudal, olíumynd frá 1950. Myndin vakti hneykslan margra og kallaði jafnvel á lögregluáðgerðir, þá er listamaðurinn sýndi hana fyrst á Lækjartorgi sumarið 1950.



Mynd eftir hinn misskilda listamann, Sölva Helgason. Margir hafa orðið til þess að segja að Sölvi hefði getað orðið mikill listmálari, hefði hann notið undirstöðukennslu og ytri aðstæður sem innri verið honum hagstæðari. — Myndin er í eigu Þjóðminjasafns.



Fríðrik G. Fríðriksson við lauf og annan gróður, sem áður og fyrri var notaður til að lita vaðmál er Íslendingar hafa klæðst um aldir.

íppusson á Hólabrekku í Mýrarhreppi.

Í sýningarhránni gerir Fríðrik G. Fríðriksson svofellda grein fyrir sýningunni:

„Þegar undirbúningur og vinna hófst að handmenntasýningu í tilefni öldrunarársins 1982, varð í upphafi ljóst að velja þurfti til sýningar úr mörgum ágætum munum. Ýmsir möguleikar komu einnig til greina við uppsetningu og fyrirkomulag sýningargripa. Þegar um slíkan vanda er að ræða, er ekki augljós farsælasta leiðin til úrlausnar. Það varð úr, að leit að var aðallega til hagleiksfólks úti á landi eftir góðum gripum, en jafnframt var reynt að hafa það í huga að sýningin gæfi svolítið yfirlit yfir hluti gerða úr ólíkum efnum.

Þeir sem hér koma við sögu, vinna úr járni, tré, leðri, steini, ull, jurtum o.fl. Hugmyndinni um notagildi hlutanna, form og fegurð, kemur síðan hver og einn til skila eftir sínu höfði, eins og aðstæður leyfa.

Á þessari sýningu er gerð tilraun til að gæða sýningarmunina lífi með því að sýna á myndbandi það hagleiks- og snilldarfólk sem að verkunum stendur. Fleiri koma einnig fram í myndinni. Þetta fólk er allt orðið roskið en í fullu fjöri eins og sjá má.

Myndbandatæknin býður upp á ýmsa möguleika en hefur einnig sínar takmarkanir. Þau tæki sem hér eru notuð, gefa ekki möguleika á klippingu. Sýningargestir eru því beðnir um að sýna umburðarlyndi gagnvart tæknigöllum og hafa það í huga að hér eru leikmenn að verki. Hér er ekki um að ræða tæmandi heimildarmynd, heldur aðeins sýnishorn af vinnu einstaklinga sem vinna úr mismunandi efnum og tjá sig með ólíkum hætti.

Tilgangur þessarar sýningar er fyrst og fremst sá að vekja fólk á öllum aldri til umhugsunar um skapandi kraft hvers einstaklings. En sá kraftur er óháður aldri.“

#### Málþing um öldrunarmál

Í tengslum við sýninguna á Kjarvalsstöðum er þar efnt til málþings, umræðufunda um ýmis mál er snerta elli og samfélagið. Það er Samband lífeyrisþega ríkis og bæja sem sér um þennan þátt.

Þá má nefna að landssamtökin Líf og land efna til síðdegisvöku á Kjarvalsstöðum í dag, laugardag, þar sem flutt verða erindi og leikin tónlist í tilefni árs fatlaðra.

Enn má nefna, að á meðan sýningu stendur, eru gefnar út sýningarfréttir um efni það sem á dagskrá er dag hvern, myndbandasýningar, fyrirlestra og fleira. Má fá fréttablöðin hjá gæslufólki sýningarinnar alla daga sýningarinnar.

Sýningin er opin alla daga milli klukkan 14 og 22 og stendur til 8. ágúst.

## Spænskir togarar veiða í óleyfi við Svalbarða

Oslo, 22. júlí. Frá fréttaritara Mbl. Jan-Erik Lauré.

UM ÞAÐ bil tíu spænskir togarar eru nú á ólöglegum veiðum á norsku yfirráðasvæði við Svalbarða. Norska utanríkisráðuneytið hyggst mótmæla þessum veiðum formlega einhvern næstu daga. Upp komst um veiðar skipanna um síðustu helgi og varðskipið Grimsholm er nú á leið á svæðið.

Að sögn Finns Bergersens skrifstofustjóra í norska sjáv-

arútvegsráðuneytinu leikur ekki vafi á því að Spánverjarnir veiði undirmálsfisk. Bergersen segir ennfremur að engu sé líkara en spænsk yfirvöld hafi ekki stjórn á veiðum spænsku togaranna, því þeim hafi fyrr í þessum mánuði verið vísað af miðunum við Svalbarða eftir formlegar viðræður norskra og spænskra stjórnvalda.

Við sýnum í dag

## Sumarbústaði



Höfum til sýnis og sölu 45 fm sumar-  
bústaði, íslensk völdunarsmið og hönnun.  
Húsin eru teiknuð af Gunnari G. Ein-  
arssyni, arkitekt.

Sýningin stendur yfir í dag laugardag,  
sunnudag og mánudag kl. 13—17 að  
Melabraut 24, Hvaleyrarholti, Hafnar-  
firði.

Trésmiðja Magnúsar og Tryggva,

Melabraut 24, Hafnarfirði, sími 52816.

# vantar þig góðan bíl?

notaður — en í algjörum sérflokk



Til sölu þessi Skoda 120 LS, árg. '80. Sérlega fallegur bíll, vinnrauður og ekinn aðeins 24.000 km.

Ath. 10% afsláttur á notuðum bílum til mánaðamóta.

Opíð í dag frá 1—5.



JÖFUR HF.



Nýbýlavegi 2 — Kópavogi  
— Sími 42600